



Fundur í byggðaráði

31. fundur byggðaráðs, Langanesbyggðar, haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins að Langanesvegi 2, fimmtudaginn 3. október 2024. Fundur var settur kl. 12:00.

Mætt voru: Sigurður Þór Guðmundsson oddviti, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Björn S. Lárusson sveitarstjóri og Bjarnheiður Jónsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Gunnar Már Gunnarsson kom inn á fund undir 5 lið.

Fundargerð

- 1. Ársreikningur fyrir Drekasvæðið ehf. fyrir árið 2023**
Ársreikningurinn lagður fram.

Bókun um afgreiðslu: Ársreikningur samþykkur og samþykkt hefur verið að leggja fyrirtækið niður þar sem það þjónar ekki lengur tilgangi sínum.

Samþykkt samhljóða.

- 2. Ársreikningur Finnaþarhafnar GP fyrir árið 2023**
Ársreikningurinn lagður fram.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð samþykkir ársreikninginn.

Samþykkt samhljóða.

- 3. Ársreikningur Finnaþarhafnar slhf. fyrir árið 2023**
Ársreikningurinn lagður fram

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð samþykkir ársreikninginn.

Samþykkt samhljóða.

- 4. Boð á ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í Reykjavík 9. október**
Boðið er til aðalfundar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga miðvikudaginn 9. október á Hilton Nordica kl. 16:00. Lagt fram til kynningar.

- 5. a. Minnisblað frá Gunnari Má Gunnarssyni vegna lækkun húshitunarkostnaðar**



Minnisblaðið er um tillögu 4 um eflingu samfélagsina um mögulega jarðhitaleit í Langanesbyggð og kortlagningu jarðhitakosta. Gunnar Már Gunnarsson kemur á fundinn og svarar fyrirspurnum og ræðir innihald minnisblaðsins og fleiri mál.

05.1 Hagvarmi kynning

05.2 Drög að ráðgjafasamningi 1.5 áfangi

05.3 Drög að ráðgjafasamningi 2.5 áfangi

b. Minnisblað til Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti vegna varmadæluvæðingar í Langanesbyggð.

Oddviti hefur ritað minnisblað til ráðuneytisins um varmadæluvæðingu heimila í Langanesbyggð þar sem sett er fram hugmynd:

„Að sett verði af stað verkefni þar sem metin verður hagkvæmi þess að setja upp varmadælukerfi til hitunar á rafkynntu húsnæði. Verkefnið næði til allra heimila innan sveitarfélagsins, hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli“

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð felur sveitarstjóra og Gunnari Má að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt samhljóða.

6. Öruggara NE. Svæðisbundið samráð um varnir gegn ofbeldi og afbrotum á NE. frá lögreglustjóranum á NE.

Bréf frá lögreglustjóranum á NE um svæðisbundið samstarf um „Öruggara Norðurland eystra“ þar sem sett eru fram markmið og fyrirkomulag samráðs um aðgerðir gegn ofbeldi og þjónustu við þolendur á svæðinu.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð samþykkir fyrir sitt leiti að taka þátt í samráðinu eins og því er lýst í bréfi lögreglustjóra og vísar málinu til sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 12:52.